

Sjálfsmatsskýrsla

2018 - 2019

Menntaskóli Borgarfjarðar



Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	3
2	LÝSING Á STARFSEMI SKÓLANS	4
2.1	STEFNA MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR 2018-2022	4
2.1.1	<i>Staða og styrkur.....</i>	4
2.2	HLUTVERK OG MEGINÁHERSLUR	4
2.3	FRAMTÍÐARSÝN	5
2.4	MARKMIÐ MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR ERU AÐ:.....	6
2.5	SÉRSTAÐA	7
2.6	UMFANG SKÓLANS SKÓLAÁRIÐ 2017 - 2018	7
2.6.1	<i>Nemendur.....</i>	7
2.6.2	<i>Starfsfólk.....</i>	8
2.6.3	<i>Kennslustundir og áfangar.....</i>	8
3	SJÁLFSMAT Í MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR	9
3.1	GREINING Á TÖLULEGUM GÖGNUM	9
3.1.1	<i>Kennarar.....</i>	9
3.1.2	<i>Nemendur.....</i>	10
3.2	KANNANIR	10
3.2.1	<i>Viðhorfsskönnun meðal fjarnema</i>	10
3.2.2	<i>Líðan nemenda.....</i>	15
3.2.3	<i>Viðhorfsskönnun útskriftanema vor 2016, 2017, 2018 og 2019.</i>	16
3.2.4	<i>Skólapúlsinn.....</i>	24
3.2.5	<i>Sálfræðipjónusta.....</i>	24
3.2.6	<i>Útskrifaðir nemendur.....</i>	24
3.2.7	<i>Breytingar á könnunum</i>	29
3.2.8	<i>Gæðagreinar - (How good is our school?).....</i>	29
3.2.9	<i>Gæðagreinar á skólaárinu 2018-2019</i>	30
3.2.10	<i>Gæði náms og kennslu</i>	34
3.2.11	<i>Mæt kennara á áföngum.....</i>	37
3.2.12	<i>Matsfundir.....</i>	37
3.2.13	<i>Eftirfylgni ytra mats á starfi skólans.....</i>	38
3.2.14	<i>Áætlun um sjálfsmat MB 2019-2023.....</i>	39
3.3	NÁMSMAT - VÖRÐUR	40
3.4	SKÝRSLUR.....	40
3.4.1	<i>Námsráðgjöf.....</i>	40
4	SAMANTEKT OG NÆSTU SKREF	40
5	LOKAORÐ.....	40
6	FYLGISKIÐL.....	41

1 Inngangur

Hverjum framhaldsskóla landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr.:

Markmið mats og eftirlits með gæðum í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nema séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 41. gr. framhaldsskólalaga segir um innra mat: „Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.”

Tilgangurinn með sjálfsmati er því fyrst og fremst að bæta og efla skólastarfið, meta hvort markmið skólans hafi náðst, benda á það sem vel er gert og finna leiðir til þess að bæta það sem betur má fara.

Í þessari skýrslu um sjálfsmat í MB er greint frá markmiðum og stefnu skólans ásamt vinnu við sjálfsmat á skólaárinu 2018 - 2019. Eftirfarandi þættir einkenna sjálfsmat skólans á tímabilinu: Gæðagreinar, kennslumat í áföngum, matsfundur með nemendum, mat kennara á eigin áföngum, viðhorfakannanir og skólapúlsinn.

2 Lýsing á starfsemi skólans

2.1 Stefna Menntaskóla Borgarfjarðar 2018-2022

2.1.1 Staða og styrkur

Menntaskóli Borgarfjarðar er áfangaskóli sem býður upp á fjórar bóknámsbrautir til stúdentsprófs, opna braut, félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut og íþróttabraut. Innan náttúrufræðibrautar geta nemendur valið að taka búfræðisvið og innan íþróttabrautar geta nemendur valið um félagsfræðasvið eða náttúrufræðisvið. Nám til stúdentsprófs er skipulagt sem þriggja ára nám. Nemendur geta einnig valið framhaldsskólabraut þar sem áhersla er á undirbúning undir nám á stúdentsprófsbraut, annað nám eða eftir atvikum þátttöku í atvinnulífi. Við skólann er starfrækt starfsbraut fyrir nemendur sem hafa greiningu fagaðila og geta ekki nýtt sér annað nám við skólann. Nám á starfsbraut tekur fjögur ár.

Menntaskóli Borgarfjarðar á í margvíslegu samstarfi við nærsamfélagið. Menntaskóli Borgarfjarðar er í samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og er aðili að Fjarmentaskólanun. Skólinn er í samstarfi við skóla á norðurlöndunum um styrki til þróunarstarfs og gagnkvæmra námsferða.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur frá upphafi haft framsækni að leiðarljósi og farið ótroðnar slóðir í kennsluháttum og námsmati. Við skólann eru engin lokapróf, þess í stað er áhersla lögð á verkefnavinnu og smærri próf. Námsmat skólans er í formi leiðsagnarmats. Skólinn er lítill og einkennist af persónulegum samskiptum. Aðstaða til náms og félagsstarfs er mjög góð í skólanum.

2.2 Hlutverk og megináherslur

Menntaskóli Borgarfjarðar starfar samkvæmt aðalnámskrá og lögum um framhaldsskóla og öðrum lögum og reglugerðum sem varða starfsemi framhaldsskóla. Í skólanum er leitast við að efla alhliða þroska allra nemenda og búa þá undir virka þátttöku í fjölbreyttu nútímasamfélagi, störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur að leiðarljósi grunnþætti menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Í skólanum er leitast við að mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda, víkka sjóndeildarhring þeirra, styrkja gagnrýna og skapandi hugsun, leggja rækt við persónulegan þroska og siðgæðisvitund og efla mannskilning, tillitsemi og virðingu fyrir fólki og umhverfi.

Einkunnarorð MB eru; *Sjálfstæði - Færni - Framfarir* og kristallast viðhorf vinnunnar í skólanum í þessum kjörorðum.

Sjálfstæði: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að efla sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun meðal nemenda. Áhersla er lögð á sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum. Skólinn hvetur nemendur til að setja sér sín eigin markmið með náminu.

Færni: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á færni og kunnáttu nemenda á fjölbreyttum sviðum. Nemendur eru þjálfaðir í þekkingarleit. Áhersla er á að efla nemendur sem einstaklinga og námsmenn þannig að þeir verði færari um að takast á við verkefni við krefjandi aðstæður.

Framfarir: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að með auknu sjálfstæði nemenda og færni verði stuðlað að sem mestum framförum nemandans. Skólinn hvetur nemendur til góðrar ástundunar, vandaðra vinnubragða, virkni í námi og félagslífi.

2.3 Framtíðarsýn

Nám og og gæði kennslu

- Framtíðarsýn Menntaskóla Borgarfjarðar er að vera leiðandi skóli í þróunarstarfi sem leggur áherslu á framsækni og fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati.
- Skólinn vill búa nemendum fjölbreytt námsumhverfi með áherslu á verkefnamiðað nám.

- Þá er það stefna skólans að styrkja enn frekar góð tengsl við nærsamfélagið og auka tækifæri nemenda í gegnum alþjóðlegt samstarf.
- MB leggur áherslu á að styrkja og efla námsframboð til að koma til móts við þarfir og áhuga nemenda á upptökusvæði skólans.

Nemendur

- Skólinn vill stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi og að fyrirkomulag náms stuðli að góðri ástundun.
- Áhersla er á að skólabragur sé jákvæður og lýðræðislegur. Að samvinna einkenni lausn viðfangsefna. Að persónuleg samskipti, skapandi hugsun, jafnrétti, góð líðan og virðing fyrir einstaklingnum einkenni skólabraginn.
- Áhersla er lögð á heilsusamlega umgjörð um skólastarfið og að andleg, líkamleg og félagsleg velferð nemenda sé höfð að leiðarljósi.

Stjórnun

- Allur rekstur skólans, aðbúnaður, þjónusta og velferð nemenda og starfsmanna sé til fyrirmyndar.

2.4 Markmið Menntaskóla Borgarfjarðar eru að:

Nám og gæði kennslu

- skólinn leggi metnað sinn í að hafa ávallt vel menntað og metnaðarfullt starfsfólk sem gerir kröfur til sín og nemenda
- efla starfsþróun kennara
- veita kennurum svigrúm til sjálfstæðis og frumkvæðis í starfi
- fylgjast vel með því sem hæst ber á sviði uppeldis- og kennslumála
- nemendur fái ávallt gæða stoðþjónustu við sitt hæfi
- skapa gott starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk
- starfshættir mótist af umburðarlyndi og jafnrétti, virðingu, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð
- að námið veiti bæði fræðilega og hagnýta þekkingu
- auka tengsl við nærsamfélagið með áherslu á samvinnu og samstarf við skóla og fyrirtæki í héraðinu

Nemendur

- nemendur hafi aðgang að öflugri stoðþjónustu

- styðja við námshvöt nemenda, rækta námsgleði og vinnuanda
- efla frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð nemenda
- raddir nemenda séu virkur þáttur í starfi skólans
- styðja betur við félagslíf nemenda
- sérhver nemandi hafi tækifæri til að rækta sína hæfileika og ná góðum árangri

Stjórnun

- fjármál og rekstur skólans einkennist af gagnsæi og jafnvægi
- aukin áhersla verði lögð á að kynna námsframboð skólans
- nota innra mat með markvissum hætti til umbóta í skólastarfi

2.5 Sérstaða

Á stefnudegi skólans í október var unnið sérstaklega með sérstöðu skólans og eftirfarandi er uppfærð lýsing á því sem nemendur, kennarar og starfsfólk skólans vill að standi sem sérstaða skólans.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur leitast við að marka sér sérstöðu með eftirfarandi hætti:

- að leggja áherslu á jákvæðan lífsstíl og andlegt heilbrigði með persónulegri þjónustu við nemendur
- að skipulag náms sé fjölbreytt, einstaklingsbundið og sveigjanlegt
- að bjóða uppá námsbrautina Náttúrufræðibraut – búfræðisvið í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri
- að vera í nánú samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í nærumhverfi sínu m.a. í gegnum Hugheima nýsköpunar- og frumkvöðlasetur
- að vera í fararbroddi hvað varðar námsmat og endurgjöf til nemenda
- að nemendur vinni lokaverkefni út frá áhugasviði og geti skilað vinnu sinni með fjölbreyttum hætti

2.6 Umfang skólans skólaárið 2017 - 2018

2.6.1 Nemendur

Haustið 2018 voru 116 nemendur skráðir í nám við skólann og þar af voru 37 nýnemar. Af heildarfjölda nemenda voru 18 skráðir í fjarnám. Stúlkur voru 55% nemenda og strákar 45%.

Á vorönn 2019 fjölgaði skráðum nemendum í 126 þar af voru 4 nýnemar og samtals 31 nemandi skráður í fjarnám. Kynjahlutföllin breyttust á vorönn 2019 og voru stúlkur 48% nemenda og drengir 54%. Þessa breytingu má rekja til þess að fjarnemar sem hófu nám um áramótin voru fleiri karlkyns.

2.6.2 Starfsfólk

Heildarfjöldi fastráðinna starfsmanna við skólann voru 19 á vorönn 2019.

Þar af starfa átta eingöngu við kennslu og fjórir starfsmenn sinntu kennslu sem hluta af öðrum störfum. Á vorönn 2019 voru auk þessara starfandi sex kennarar í tímabundnum hlutastörfum og því telur heildarfjöldi þeirra sem kenndu við skólann á vorönn 2019 18 einstaklinga.

Tveir stjórnendur eru við skólann, einn fjármálastjóri, einn umsjónarmaður starfsbrautar (sem kennir líka), námsráðgjafi, skólafulltrúi, húsvörður (í hlutastarfi), matráður og ræstitæknir.

2.6.3 Kennslustundir og áfangar

Taflan hér að neðan sýnir fjölda áfanga, hópa og kennslustunda skólaárið 2018 – 2019.

Tafla 1 - fjöldi kenndra áfanga, hópa og kennslustunda 2018 – 2019.


	Haust 2018		Vor 2019	
	áfangar	hópar	áfangar	hópar
Íslenska	3	3	3	3
Stærðfræði	4	4	4	4
Erlend tungumál	7	9	7	7
Samfélagsgreinar og lokaverkefni	8	8	7	7
Náttúrufræðigreinar	7	7	5	5
Viðskiptagreinar og upplýsingatækni	2	3	2	2
Heilbrigðis- og íþróttagreinar	6	3	7	7
Heilsurækt	3	3	3	3
Lífsleikni og val	3	3	4	4
Þverfaglegt	0	0	2	2
Samtals	43	43	44	44

3 Sjálfsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar

3.1 Greining á tölulegum gögnum

3.1.1 Kennarar

Menntun kennara við Menntaskóla Borgarfjarðar er nokkuð góð. Allir fastráðnir kennarar eru með kennsluréttindi. Stefna skólans er að vera með vel menntaða kennara í vinnu. Að þessari stefnu hefur verið unnið með því annars vegar að auglýsa eftir og ráða vel menntaða kennara til starfa og hins vegar með því að hvetja og styrkja starfandi kennara skólans til framhalds- og endurmenntunar.



Mynd 1. Menntun kennara 2014 – 2019.


Á mynd 1 má sjá að lítil breyting hefur verið á menntunarstigi kennara undanfarin ár, þó eru fleiri með meistaragráðu við kennslu á síðasta skólaári en verið hefur.

Kennarar hafa verið duglegir að sækja styttri námskeið á vegum eða í samvinnu við fagfélög.

Kynjaskipting meðal kennara MB hefur verið ójöfn þar sem færri karlmenn en konur hafa kennt við skólann þau ár sem hann hefur starfað. En á vorönn 2019 eru kynjahlutföllin í kennslu eftirfarandi; konur 56% og karlar 44%.

3.1.2 Nemendur

Þeir nemendur sem innritast í MB eru í flestum tilfellum með lögheimili í Borgarbyggð eða um 70% nemenda. Hér fyrir neðan má sjá tölur um fjölda nemenda á hverri braut fyrir sig eftir önnum.



Mynd 2. Fjöldi nemenda eftir brautum.

Á mynd 2 má sjá að nemendafjöldi á hverri námsbraut skólans er breytilegur á milli anna en um áramót fjölgaði töluvert á opinni braut en þar eru flestir fjarnemarnir skráðir í nám.

3.2 Kannanir

3.2.1 Viðhorfskönnun meðal fjarnema

Á vorönn 2019 var send út könnun til allra fjarnema við MB. 34 nemendur voru skráðir í fjarnám, í einn eða fleiri áfanga. Þar af eru 4 nemendur sem ekki voru virkir á önninni, en fengu könnunina senda. Alls svöruðu 14 nemendur, 9 stúlkur og 5 piltar.


Niðurstöður gefa til kynna að nemendur séu almennt ánægðir með framkvæmd fjarnáms og þá þjónustu sem þeir fá. Þegar spurt er um ánægju með kennslu í fjarnámi MB er meirihlutinn ánægður eða mjög ánægður, hins vegar eru það þrír af 14 sem segjast hafa misjafna reynslu. Þetta gæti þýtt að fjarkennsla sé misjöfn milli áfanga og

eða kennara. Kennarar voru beðnir í mati á eigin áföngum um að velta fyrir sér þáttum sem tengjast fjarkennslunni og vonandi leiðir það til þess að nemendur í fjarnámi upplifi kennsluna ekki misjafnlega milli áfanga. Opnar spurningar voru í lok könnunar og gefa þær góðar vísbendingar um hvað er vel gert og hvað má betur fara í fjarkennslu MB.

Heildarniðurstöður könnunar meðal fjarnema má sjá hér.


1. Hvert er kyn þitt?

14 svör




2. Hver er staða þín?

14 svör




3. Hvernig hentar þér að vera í fjarnámi í MB?

14 svör




4. Hvernig er staðið að stuðningi við fjarnemendur varðandi þjónustu, kennara og aðgengi að skrifstofu?

14 svör




5. Hversu ánægð(ur) ertu með kennsluna í fjarnámi í MB?

14 svör




6. Finnst þér kennsluáætlun nægilega skýr í þínum áfanga / áföngum

14 svör




7. Finnst þér þú fá greinagóð svör frá kennara þegar þú sendir erindi?

14 svör




8. Færð þú svör frá kennara þegar þú sendir fyrirspurn ?

14 svör




9. Hvernig líkar þér fyrirkomulagið á prófum og verkefnum?

14 svör



10. Hvernig finnst þér gæði námsefnis?

14 svör



11. Hver er ástæðan fyrir því að þú ert skráð(ur) í fjarnám í MB? (9 svör).

Ástæður fyrir því að nemendur völdu fjarnám í MB eru margvíslegar, sumir eru að klára einingar fyrir starfsréttindi eða samhliða iðnnámi til að klára stúdentsprófið. Aðrir búa erlendis og vilja halda áfram í námi. Sumir eru að vinna og einhverjir eru enn í grunnskóla og taka framhaldsskólaeiningar meðfram náminu í sínum skóla.


12. Hvað mætti betur fara í fjarnámi í MB? (5 svör).

Hér kom fram að kennarar mættu setja inn meira námsefni og viðtalstímar ættu að vera í boði fyrir fjarnema eins og staðnema í tengslum við vörður. Einnig kom fram að eftirfylgnin mætti vera meiri.

13. Hvað finnst þér vel gert í fjarnámi MB? (8 svör).

Hér kom fram að kennarar svörðuðu fyrirspurnum fljótt og vel, sýna mikinn áhuga, vilja hjálpa og eru skilningsríkir. Í sumum áföngum gera kennarar skýra og góða verkefnalýsingu. Boðið er upp á fjölbreytt verkefni og persónulega þjónustu. Einnig kom fram að námið er sett upp þannig að það henti bæði stað- og fjarnemum.

3.2.2 Líðan nemenda



Mynd 3. Líðan nemenda í skólanum


3.2.3 Viðhorfskönnun útskriftanema vor 2016, 2017, 2018 og 2019.

Framkvæmd


Á vorönn 2016, 2017, 2018 og 2019 var lögð viðhorfskönnun fyrir útskriftarnemendur skólans.

Nemendur voru beðnir að svara 17 spurningum sem vörðuðu m.a. nám í MB, framtíðaráform nemenda, samskipti og ýmsa þjónustu skólans. Könnunin var lögð fyrir alla útskriftarnema og var þátttaka 80% vorið 2015, 77% vorið 2016, 88% vorið 2017, 93% vorið 2018 og 76% vorið 2019.


Niðurstöður




2. Ertu búin(n) að gera upp hug þinn um hvaða nám þú ætlar að loknu námi í MB?




3. Hvernig heldur þú að námið í MB muni nýtast þér í áframhaldandi námi?




4. Hvernig finnst þér kennslukerfið Moodle?




5. Hvernig finnst þér heimasíða skólans?




6. Hvernig finnst þér matseðill mótuneytis?




7. Hvernig finnst þér þjónusta skrifstofu MB?




8. Hvað finnst þér um námsráðgjöfina, það sem varðar persónulega aðstoð?




9. Hvað finnst þér um námsráðgjöfina, það sem varðar námslega aðstoð?




10. Hvernig finnst þér yfirstjórn skólans vera?




11. Hvernig finnast þér samskipti við umsjónarkennara/umsjónartímar?




12. Hvernig finnst þér skólaandinn í MB?




13. Hvernig eru samskiptin þín við aðra nemendur?




14. Hvernig eru samskipti þín við kennara og annað stafsfolk?



15. Hvernig finnst þér kennararnir sem hafa kennt þér hafa verið?



16. Hefurðu verið virk(ur) í skipulögðu félagslífi NMB á skólatíma þínum?



17. Nemendur voru spurðir: “Hvaða einkunn gæfir þú MB (á skalanum 1 -10)? “

Niðurstöður voru þær að meðaleinkunn fyrir skólann var 8,25 (2106), 8,68 (2017), 8,43 (2018) og 8,42 (2019).

3.2.4 Skólapúlsinn

Nemendakönnun framhaldsskólanna fer fram í nóvember á hverju ári og metur 23 þætti. Könnunin fer fram á netinu og er send með tölvupósti og SMS til allra nemenda samkvæmt nemendalista sem tengiliður Skólapúlsins sendir inn í október. Þetta er í 6. sinn sem könnunin er gerð, en í fyrsta sinn sem nemendur MB taka þátt.

Könnunin stóð yfir dagana 1. nóv. -2. des. 2018. Þátttakendur voru 86, svarendur 71 og svarhlutfall 82.6%.

Helstu niðurstöður eru á þá leið að varðandi námsumhverfi eru nemendur MB heldur ánægðari en allir nemendur þegar spurt er um endurgjöf og stuðning við nemendur, en viðhorf og hollusta gagnvart skólanum er heldur lægri en meðaltalið.

Virgni nemenda er svipuð og gerist í öðrum skólum, nema hvað varðar mætingar, þar standa nemendur MB sig umtalsvert betur en viðmiðunarahópurinn. Varðandi líðan nemenda eru niðurstöður líkar viðmiðunarahópnum, en heldur minna þunglyndi hrjáir nemendur MB, og heldur minna svefnleysi. Einnig verða nemendur MB sjaldnar fyrir áreiti og ofbeldi en nemendur í viðmiðunarahóp.

3.2.5 Sálfræðipjónusta

Í mars 2019 var lögð fyrir könnun um sálfræðipjónustu fyrir nemendur í framhaldsskólum. Könnunin var unnin í samvinnu Sambands íslenskra framhaldsskólanema, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Heilbrigðisráðuneytisins. Allir nemendur fengu tækifæri til að taka þátt hvort sem þeir voru fjarnemar eða staðnemar. Alls svöruðu 43 nemendur könnuninni sem gerir 34% svarhlutfall. Konur voru um 65% svarenda og karlar 35%.

23 nemendur sögðust frekar vilja nýta sér ókeypis viðtalstíma sálfræðings ef hann væri staðsettur í skólanum og 20 sögðust frekar vilja nýta sér ókeypis viðtalstíma sálfræðing ef hann væri staðsettur á heilsugæslustöð. Heildarniðurstöður könnunarinnar er hægt að nálgast hjá stjórnendum skólans.


3.2.6 Útskrifaðir nemendur

Menntaskóli Borgarfjarðar telur mikilvægt að vera í góðum tengslum við útskrifaða nemendur skólans. Skólinn fylgist með því hvað útskrifaðir nemendur taka sér fyrir hendur að loknu námi við MB ásamt því að spyrja um viðhorf þeirra til skólans. Upplýsingar úr könnuninni eru notaðar inn í stefnumótunarvinnu fyrir skólann og til


að auka gæði náms og kennslu. Könnunin sem lögð var fyrir í maí 2019 er gerð meðal útskriftarnemenda sem brautskráðust vorið 2016 og 2017. 50 nemendur útskrifuðust á þessum árum og 25 svör bárust í könnuninni sem gerir 50% svarhlutfall.




Sex karlar svöruðu og 19 konur.




Hér má sjá helstu niðurstöður:





Af þeim sem eru í háskólanámi eru 8 í fullu eða hlutastarfi með náminu.









Hér er samantekt á svörum sem sögðu að ofangreindir þættir væru mjög eða frekar mikilvægir í tengslum við val þeirra á MB sem sínum skóla.

3.2.7 Breytingar á könnunum

Sjálfsmatshópur leggur til að könnun verði lögð fyrir nýnema að hausti og þar verði spurt um þá þætti sem höfðu mest áhrif á val þeirra á skóla. Það mætti þá sleppa þeirri spurningu í könnun fyrir útskrifaða nemendur.

Einnig mætti taka úr könnun fyrir útskrifaða nemendur opna spurningu sem býður þátttakendum að ráðleggja skólanum til framtíðar. Þessi spurning ætti betur heima í könnun meðal útskrifarnema á hverju hausti, með því móti er verið að tala um nýfengna reynslu sem á erindi inn í skólastarfið en ekki skoðanir sem byggja á eldri reynslu fólks sem útskrifaðist fyrir 2 – 3 árum.

3.2.8 Gæðagreinar - (How good is our school?)

Vinna við endurskipulagningu gæðakerfis skólans hófst í haustið 2010 með því að teknir voru upp svokallaðir *Gæðagreinar* (e. *How good is our school?*).

Gæðagreinar eru hjálpartæki skóla til að svara spurningunum:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað gerum við næst?

Gæðagreinar eru enn fremur notaðir sem hjálpartæki við að:

- finna sterkar hliðar
- finna þætti, þar sem leggja þarf áherslu á að viðhalda gæðum eða auka þau
- gera þróunaráætlanir í framhaldi af því
- gefa til kynna gæði skólans

Gæðagreinalíkanið byggir á því að skólastarfinu sé skipt upp í níu lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti. Markmiðið er að setja upp gæðaramma þar sem fram koma þeir þættir skólastarfsins sem skoðaðir eru hverju sinni. Skipta má gæðarammanum í þrjá meginhluta sem síðan skiptast í undirþætti. Meginhlutarnir eru: Velgengni og árangur skólans – Lífið og starfið í skólanum – Sýn skólans og forysta. Auk þessara þátta eru gerðar viðhorfskannanir meðal nemenda og starfsfólks, ásamt hefðbundnu kennslumati.

Á haustmánuðum 2015 var sett fram ný áætlun um sjálfsmat MB. Sjálfsmatsáætlunin er til ársins 2019 og þar kemur fram hvaða þættir skólastarfsins verða metnir hverju sinni.

Ný áætlun um sjálfsmat MB liggur fyrir og gildir hún 2019-2023. Gæðagreinar 5.1 og 5.2 sem eiga að vera á dagskrá haustið 2019 voru teknir vor 2019 til þess að tryggja samhengi í gagnaöflun vegna GNOK¹ á vorönn 2019

3.2.9 Gæðagreinar á skólaárinu 2018-2019

Matsfundir með þátttöku starfsfólks voru tveir á skólaárinu. Á haustfundinum skoðaði og mat starfsfólk fullyrðingar sem tengdust lykipáttum 7 (Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk) og gáfu þeim einkunnir. Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður og kynnti þær á starfsmannafundi. Engin agerðaráætlun var mótuð fyrir lykilþætti 7 og 5 því tillögur um aðgerðir til úrbóta voru engar.

Á vorönn átti ekki að nýta gæðagreina vegna þess að áhersla var lögð á mat á gæðum náms og kennslu með öðrum hætti. Hins vegar í lok annar var ákveðið að leggja fyrir kennara lykilþátt 5 (Mat á námi og kennslu). Ekki gafst tími til að kynna niðurstöður á kennarafundi fyrir lok skólaársins en það verður gert haust 2019.

Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum gæðagreina fyrir haust 2018 og vor 2019.

Lykilþáttur 7: Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk 3 hópar starfsmanna tóku þátt 14. nóvember 2018

Mönnun og ráðningar

Gæðagreinar 7.1

Meðaleinkunn allra hópa 4,2

Sterku hliðarnar okkar:

- Góður andi.
- Faglært starfsfólk.
- Skólinn hefur á að skipa nægu faglærðu og hæfu starfsfólki.
- Stöðuveitingar taka mið af þeirri fagkunnáttu, hæfileikum og reynslu sem þarf í hverja stöðu.
- Skólinn setur viðmið um þá framkomu og umhyggju sem vænst er af starfsfólki.
- Stjórnendur styðja starfsmenn við að gera sitt besta.

¹ Gæði náms og kennslu

Veiku hliðarnar okkar:

- Fámenni.
- Bæta móttöku nýrra starfsmanna, vera með virka móttökuáætlun.
- Gagnsæi í ráðningum.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Hæft starfsfólk.
- Starfsfólk þekkir ábyrgð sína og réttindi, nýtur stuðnings stjórnenda.
- Skólinn hefur á að skipa nægu faglærðu og hæfu starfsfólki.
- Stöðuveitingar taka mið af þeirri fagkunnáttu, hæfileikum og reynslu sem þarf í hverja stöðu.
- Að skólinn sé með virka móttökuáætlun fyrir allt nýtt starfsfólk.

Tillögur um aðgerðir:

- Skerpa móttökuáætlun og bæta móttöku nýs starfsfólks.
- Handbók fyrir nýja starfsmenn.

Það sem hefur nú þegar verið gert undir þessum lið:

Í maí voru kynnt á kennarafundi drög um ferla vegna mannauðsmála og móttöku nýrra starfsmanna. Þessi drög á eftir að kynna á starfsmannafundi haustið 2019.

*Lykilþáttur 7: Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk 3 hópar starfsmanna
tóku þátt 14. nóvember 2018*

Starfsandi og verkaskipting**Gæðagreinir 7.2*****Meðaleinkunn allra hópa 4,8*****Sterku hliðarnar okkar:**

- Góð samvinna
- Starfsfólk hefur góðan tíma til samskipta í vinnunni.
- Stjórnendur hrósa starfsfólki fyrir vel unnin störf.
- Samstarf þeirra sem vinna sameiginlega með einstökum nemendum er skýrt og vel skipulagt (sérdeild).
- Stjórnendur eru sýnilegir og aðgengilegir.
- Upplýsingaflæði er gott.
- Skipurit skólans er ljóst og öllum aðgengilegt.

Veiku hliðarnar okkar:

- Engar
- Við eigum gott samstarf við sérfræðinga sem í skólann koma. (Umræða um þennan þátt mun fara fram næsta starfsmannafundi).

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Gott samtal og góð samvinna á milli allra aðila.

- Starfsmenn fá stuðning til að axla ábyrgð á krefjandi verkefnum.
- Starfsandi, sem einkennist af samstarfi og faglegum metnaði, er ríkjandi í skólanum.

Tillögur um aðgerðir:

- Engar
- Engar
- Við erum sátt.

*Lykilþáttur 7: Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk 3 hópar starfsmanna
tóku þátt 14. nóvember 2018*

Starfsþróun og starfsmannaviðtöl

Gæðagreinar 7.3

Meðaleinkunn allra hópa 4,5

Sterku hliðarnar okkar:

- Vilji til endurmenntunar.
- Starfsmannaviðtöl og endurmenntun.
- Skólinn veitir starfsfólki sínu tækifæri til endurmenntunar.

Veiku hliðarnar okkar:

- Einyrkjar.
- Sjáum engar sérstakar.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Við notum skýr og vel skipulögð vinnubrögð til að efla stöðugt starfsþroska allra sem starfa við skólann.
- Skólinn veitir starfsfólki sínu tækifæri til endurmenntunar.

Tillögur um aðgerðir:

- Engar
- Halda áfram með sérsniðin námskeið fyrir alla starfsmenn.

Lykilþáttur 5: Kennsla sem leiðir til árangursríks náms tveir hópar kennara tóku þátt
14. maí 2019

Skólanámskrá	Gæðagreinir 5.1
--------------	-----------------

Meðaleinkunn: 4,6 Tillaga hópana að heildareinkunn 5 og 4,5 = $m=4,75$

Sterku hliðarnar okkar:

- Skólanámskráin er lifandi plagg sem er í sífelldri þróun.
- Erum nokkuð meðvituð um að rýna og endurskoða skólastarfið.

Veiku hliðarnar okkar:

- Erum ekki í nægjanlegu sambandi/samstarfi við nærumhverfið varðandi námsþörfina.
- Vinnna alvöru verkefni með skólum og fyrirtækjum í nærumhverfinu. Vettvangsferðir, verkefni og samstarf sem sést.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirni eru:

- Stöðug ígrundun.
- Stöðugt endurmat og skoðun.
-

Í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi að:
“Vera stöðugt á tánum.” (5 stig)

Tillögur um aðgerðir:

- Engar

Lykilþáttur 5: Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Mat í þágu náms/leiðsangarmat	Gæðagreinir 5.2
-------------------------------	-----------------

Meðaleinkunn: 4,7

Sterku hliðarnar okkar:

- Persónuleg tengsl við nemendur.
- Við styðjum og hvetjum nemendur okkar.

Veiku hliðarnar okkar:

- Persónuleg tengsl við nemendur.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirni eru:

- Að vera í toppstandi alla daga.

Tillögur um aðgerðir:

- Engar

3.2.10 Gæði náms og kennslu

Á vorönn 2019 var lögð áhersla á að meta gæði náms og kennslu við MB samkvæmt sjálfsmatsáætlun skólans og var það gert bæði með því að nota gæðagreini 5 sem gerð er grein fyrir í kaflanum hér á undan og með því að mynda matshópa nemenda sem svöruðu svipuðum spurningum og kennararnir í gæðagreini 5 og öðrum spurningum er varða skólastarfið og ímynd skólans. Hér er gerð grein fyrir þeim niðurstöðum.

Lykilþáttur 5:

Mat á námsmati	Gæðagreininir 5.1
----------------	-------------------

Þann 09.05.2019 tóku 16 nemendur þátt í að fylla út gæðagreininn. Skipt var tilviljanakennt í 4 hópa.

Meðaleinkunn hópanna fyrir þennan þátt er 3.4 en það er athyglisvert að hóparnir gefa í lok matsins heildareinkunn sem er að meðaltali 4,75

Sterku hliða MB varðandi námsmat:

- Kostur að vera með símat og vörður mjög þægilegar.
- Góður undirbúningur í verkefnum fyrir próf.
- Vörður.
- Símat.

Veiku hliðar MB varðandi námsmat:

- Ekki nógu góðar endurgjafir eins og í vörðum og annað.
- Stundum fylgir ekki útskýring einkunnunum, vantar endursögn um hvað vantar í verkefnið/hvað mátti betur fara.
- Áhugaleysi kennara.
- Í sumum áföngum er ekki nógu góð samskipti milli kennara og nemenda.
- Vantar fleiri munnlegar vörður.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirni eru:

- Samskipti og skilningur.
- Vörðurnar.
- Góðar endursagnir með verkefnum.
- Símat.
- Vörður, fá greiningar á hvar við stöndum í náminu.

Tillögur um aðgerðir:

- Betri samskipti

Ábendingar nemenda munu rýndar í upphafi skólaársins 2019 – 2020 á kennarafundi.

Lykilþáttur 5:

Mat á námi og kennslu

Gæðagreinir 5.2

Þann 09.05.2019 tóku 16 nemendur þátt í að fylla út gæðagreininn. Skipt var tilviljanakennt í 4 hópa.

Meðaleinkunn hópanna fyrir þennan þátt er **3.4** en það er athyglisvert að hóparnir gefa í lok matsins heildareinkunn sem er að meðaltali **4,25**

Sterku hliða MB varðandi nám og kennslu:

- Kennarar eru áhugasamir um námið og að kenna nemendum.
- Vel sett upp kennslukerfi, regluleg uppfærsla á námi.
- Mjög nútímaleg kennsla.
- Persónuleg kennsla.
- Góðar verkefnalýsingar.
- Margt í boði.

Veiku hliðar MB varðandi nám og kennslu:

- Skipulag mætti vera betra í sumum áföngum.
- Athyglisleysi nemenda, námið ekki nógu spennandi.
- Maður er að læra til að skilja, ekki fyrir sjálfan sig.
- Nemendur taka ekki þátt í umræðum þótt kennarar reyni að hvetja til þess.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirni eru:

- Áhugasemi kennara.
- Nemendaráðið.

Tillögur um aðgerðir:

- Bæta skipulag.
- Meira verklegt.
- Vera með extra points eins og í ensku.

Ábendingar nemenda munu rýndar í upphafi skólaársins 2019 – 2020 á kennarafundi.

Samantekt matshópa 09.05.2019. 16 nemendur á 1. og 2. ári tóku þátt.

Í niðurstöðum Skólapúls 2018 – 2019 komu fram vísbendingar um að nemendur MB séu ekki eins trúir skólanum sínum og nemendur samanburðaskóla.

Ákveðið var að nýta matshópa nemenda til að skoða þetta aðeins frekar með því að spyrja nemendur út í ímynd skólans, sterku og veiku hliðar skólans og hvort að nemendur geti mælt með skólanum sínum. Eftirfarandi eru niðurstöður matshópanna.

Vinsamlega skrifið það sem þið haldið um eftirfarandi þætti:

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Ímynd skólans út á við er góð		2 hópar	2 hópar		

Sterku hliðar Menntaskóla Borgarfjarðar eru:

- Símatsskóli, símat.
- Persónuleg þjónusta.
- Góður matur, æðislegt mötuneyti.
- Engin lokapróf.
- Góðir kennarar sem sýna áhuga á námsefninu.

Veiku hliðar Menntaskóla Borgarfjarðar eru:

- Fámennur skóli, lítill skóli úti á landi.
- Nemendur áhugalausir og óvirkir í félagslífi.
- Lítið af vörðum.
- Skipulagsleysi (hér fylgdi ekki hvernig skipulagsleysi birtist í skólastarfinu, hvort það tengist nemendum sjálfum eða skólanum).
- Félagslífið.
- Engin aðstaða til að læra.
- Nemendagarðar illa staðsettir.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Við getum mælt með skólanum okkar		2 hópar	2 hópar		

Einhverjar tillögur um hvernig má efla ímynd MB ef á þarf að halda?

- Peningastyrkur frá skólanum til nemendafélagsins.
- Bæta félagslíf svo fleira fólk sem býr ekki í Borgarnesi eða í nágrenni sjái MB sem góðan möguleika.
- Nei.
- Nemendagarðar illa staðsettir, laga þetta.

Það vekur athygli hér að enginn hópanna var mjög sammála því að geta mælt með skólanum eða að ímynd skólans útavið sé góð. Þarna er því rými til úrbóta.

3.2.11 Mat kennara á áföngum

Á vorönn 2019 voru kennarar beðnir að rýna í áfanga sína út frá sniðmáti sem byggir á Aðalnámskrá framhaldsskóla og skólanámskrá MB, sjá fylgisljal 2. Tilgangur þessarar rýni var að meta hvort uppbygging og innihald áfanga samræmist viðmiðum áfangalýsinga og að hvaða leyti lykilþættir náms endurspeglast í námi og kennslu.

Kennarar fengu hjáp og stuðning í matinu eins og hver þurfti á að halda og skiluðu því inn til aðstoðarskólameistara. Matið á áfnöngum hefur í sumum tilfellum staðfest gæði þeirra og gott samhengi milli viðmiða, kennsluaðferða og námsmats en í sumum tilfellum hafa kennarar metið að umbóta sé þörf og vinna í því.

Haustið 2019 verður unnið áfram með mat á áföngum og rýnt betur í samhengi milli kennsluaðferða, námsmats og viðmiða undir handleiðslu aðstoðarskólameistara.

3.2.12 Matsfundir

Haustið 2011 var tekin upp sú nýbreytni að halda matsfundi með nemendum. Tilgangurinn var að fá betri sýn á hvern áfanga fyrir sig og leyfa nemendum að koma sinni skoðun betur á framfæri við skólastjórnendur (e. Listening to Students' Voices). Með því að nota þessa aðferð teljum við að við fáum raunhæfari mynd af skólastarfinu og þessi leið yrði skilvirkari en hefðbundið kennslumat.

Framkvæmd:

Matsfundirnir voru haldnir án þess að kennarinn væri viðstaddur. Fundirnir bæði á haust- og vorönn voru framkvæmdir af aðstoðarskólameistara.

- Í byrjun fá nemendur miða í hendur þar sem þeir skrá niður eitt til tvö atriði um það sem þeim þætti jákvætt við áfangann og eitt eða tvö atriði sem mættu betur fara í áfanganum. Sérstaklega tekið fram að nemendur gætu sagt "pass" ef þeir hefðu ekkert sérstakt að segja.

- Áður en byrjað var, var tilgangurinn með verkefninu útskýrður sem er að bæta skólastarfið og gefa nemendum tækifæri á að koma skoðunum sínum milliliðalaust til skólastjórnenda.
- Nemendur látnir vita hvert framhaldið yrði, þ.e. að kennarinn fengi niðurstöðurnar (nafnlausar) á fundi með skólastjórnendum.

Úrvinnsla niðurstaðna:

Eftir að öllum matsfundum var lokið voru niðurstöðurnar dregnar saman fyrir hvern áfanga. Var viðkomandi kennari kallaður á fund til skólastjórnenda eins fljótt og hægt var þar sem niðurstöðurnar voru kynntar og fékk hann allar athugasemdir nemenda útprentaðar. Farið var yfir hvernig matsfundurinn gekk fyrir sig, að orðalag væri ekki ritskoðað og þær athugasemdir sem oft voru nefndar væru feitletraðar. Í samtölum við kennara kom fram þeirra upplifun af matsfundunum. Kennarar virtust almennt ánægðir með þessa fundi og voru nokkuð vissir um að niðurstöðurnar gæfu þeim betri mynd af kennslunni.

3.2.13 Eftirfylgni ytra mats á starfi skólans

Menntamálaráðuneytið gerði úttekt á starfi skólans á haustönn 2017.

Skólinn skilaði síðan inn áætlun, í mars 2018, um hvernig brugðist verður við úrbótatillögum sem fram komu í skýrslunni. **Þeirri áætlun hefur verið fylgt eftir og og framvinda kynnt reglulega á fundum innan skólans.**

3.2.14 Áætlun um sjálfsmat MB 2019-2023

	Haut 2019	Vor 2020	Haut 2020	Vor 2021	Haut 2021	Vor 2022	Haut 2022	Vor 2023
Lykilþáttur				x				x
1. Námið								
Gæðagreinir				x				x
1.1 Námsbrautir				x				
1.2 Námsframboð/áfangar				x		GNOK		
1.3 Námskröfur og reglur				x				
1.4 Ástundun og vinna nemenda				x				
Lykilþáttur:								
2. Þjónusta við nemendur			x			G		
Gæðagreinir						Æ		x
2.1 Náms- og starfsráðgjöf			x			Ð		
2.2 Skrifstofa			x			I		x
2.3 Tölvuþjónusta			x					x
2.4 Upplýsingagildi heimasíðu			x			N		
2.5 Mötuneyti			x			Á		
Lykilþáttur:						M		
3. Áhrif starfsfólks á skólastarfið	x					S		
Gæðagreinir						O		
3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans	x					G		
Lykilþáttur:						K		
4. Skólanámskrá		x				E		
Gæðagreinir						N		
4.1 Skólanámskrá		x				N		
Lykilþáttur:						S		
5. Mat á kennslu og námi	x					L		
Gæðagreinir						U		
5.1 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat	x							
5.2 Mat á kennslu	x							
Lykilþáttur:								
6. Stefnumótun, áætlanagerð og fjármál		x						
Gæðagreinir								
6.1 Stefnumótun/áætlanagerð		x						
6.2 Fjármál		x						
Lykilþáttur:								
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk							x	
Gæðagreinir								
7.1 Mönnun og ráðningar							x	
7.2 Starfsandi og verkaskipting							x	
7.3 Starfsþróun og starfsmannaviðtöl							x	
Lykilþáttur:								
8. Samstarf					x			
Gæðagreinir								
8.1 Foreldrar					x			
8.2 Erlend samskipti					x			
8.3 Innland samskipti					x			
8.4 Nefndir og ráð					x			
Lykilþáttur:								
9. Viðburðir í skólastarfi		x		x		x		x
Gæðagreinir								
9.1 Þemadagar		x		x		x		x

3.3 Námsmat - Vörður

Námsmat í MB er fyrst og fremst leiðsagnarmat. Vinna nemenda er metin jafnóðum. Endurgjöf fer fram á fimm vikna fresti á svokölluðum *Vörðum* og lokaekunn áfanga birt í lok hverrar annar. Í vörðum fá allir nemendur í öllum áföngum endurgjöf á vinnu sína.

3.4 Skýrslur

3.4.1 Námsráðgjöf

Skýrsla námsráðgjafa 2018-2019 (sjá fylgiskjöl).

4 Samantekt og næstu skref

Metnaðarfull vinna við sjálfsmat og rýni á skólastarfinu er til staðar í MB og áhugi er fyrir því að viðhalda þeirri nýbreitni að rýna í áfanga með kerfisbundnum hætti með það að markmiði að viðhalda gæðum náms og kennslu við skólann.

Áfram verður unnið eftir sjálfsmatsáætlun skólans og gæðagreina ásamt því að skoða með hvaða hætti skólinn uppfyllir stefnu sína og áætlanir.

5 Lokaorð

Öll starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar miðar að því að gera góðan skóla betri. Skólastarfið er í stöðugri þróun og allt starfsfólk skólans hefur lagt sitt af mörkum til að efla starfið enn frekar. Viðhorf kennara til sjálfsmats eru afar jákvæð og þeir eru mjög virkir í allri faglegri umræðu og sjálfsskoðun.


Í þessari sjálfsmatsskýrslu er dregið saman það helsta sem gert hefur verið á skólaárinu 2018 – 2019. Sjálfsmatsskýrslan sjálf getur ekki orðið tæmandi úttekt á öllu starfi sem fram fer í skólanum sem tengist sjálfsskoðun, sjálfsmati eða tilraunum kennara og annarra starfsmanna til þess að bæta starf skólans. Hins vegar dregur hún upp ákveðna mynd af starfsemi skólans og sífelldri viðleitni til að bæta skólastarfið.

6 Fylgiskjöl


Fylgiskjal 1 Náms- og starfsráðgjöf skólaárið 2018 - 2019

Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2018 komu 59 einstaklingar í viðtöl og voru þau samtals 103. Að auki voru fjölmörg viðtöl tekin símleiðis og eru þau ekki skráð sérstaklega. Hér að neðan er sundurliðun á þeim hópi fólks sem sótti viðtöl á haustönn 2018.



Á vorönn 2019 komu 47 einstaklingar í viðtöl og voru þau samtals 77. Hér að neðan er sundurliðun á þeim hópi fólks sem sótti viðtöl á vorönn 2019.



Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa

Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa var 40% á skólaárinu 2018-2019.

Ástæður ráðgjafar

Flestir nemendur sem koma í viðtöl eru að leita sér upplýsinga um námið, námsframvinduna og námsáætlanagerð. Stór hópur nemenda kemur vegna persónulegra erfiðleika sem hafa mikil áhrif á nám þeirra s.s. vegna kvíða, sértækra námserfiðleika, erfiðleika í samskiptum o.fl. Fer þessi hópur stækkandi og eykst umfang þeirra mála jafnhliða. Námsráðgjafi metur með nemendum þörf á sálfræðiaðstoð sem stendur nemendum til boða. Nokkuð er um að fólk utan skólans komi í viðtöl til að fá nánari upplýsingar um skólann og möguleika þeirra á að hefja nám í MB.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa

Verkefni náms- og starfsráðgjafans snúast nánast eingöngu um viðtöl við nemendur en fræðsluþáttur náms- og starfsráðgjafa í skólanum er minni. Námsráðgjafi kennir lífsleikni sem er 5 vikna námskeið á haustönn í námstækni fyrir nýnema og annað 5 vikna námskeið fyrir útskriftarnemendur á vorönn þar sem megináherslan er lögð á starfsfræðslu.

- Flestir nemendur koma í viðtöl til að fá upplýsingar um námið sitt og námsframvinduna og fengu þeir aðstoð við að gera námsáætlanir, markmiðsetningu og að skipuleggja það sem eftir er af náminu. Námsráðgjafi leitast einnig við að aðstoða nemendur við að finna lausnir á hinum ýmsu persónulegu málum sem nemendur eru að glíma við, með því að vera í góðu sambandi við hina ýmsu sérfræðinga eins og sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa o.fl. Einnig leita nemendur mikið til námsráðgjafa varðandi upplýsingar um annað nám þ.m.t. háskólanám og þá sérstaklega stúdentsefnin. Fyrirspurnir í gegnum tölvupóst og síma eru einnig nokkuð miklar. Nokkuð er um að foreldrar yngri nemenda skólans leiti til námsráðgjafa með mál er varða nám og skólavist barna þeirra.
- Námsráðgjafi heldur utan um allar greiningar nemenda og miðlar helstu upplýsingum til kennara um einstaka nemendur.
- Námsráðgjafi metur með nemendum þörf fyrir sálfræðiaðstoð sem skólinn í samstarfi við Stéttarfélag Vesturlands greiðir fyrir en nemendur geta fengið 4 tíma hjá sálfræðingu sér að kostnaðarlausu á einu skólaári.
- Námsráðgjafi situr samráðsfundi með skólastjórnendum, kennurum, foreldrum, sálfræðingum o. fl.
- Gerir námáætlanir með nemendum, aðstoðar þá við skoðun áfanga , aðstoðar nemendur við að finna fjarnámsáfanga í gegnum fjarmenntaskólann
- Námsráðgjafi fór, ásamt aðstoðarskólameistara og nemendum úr stjórn nemendafélagsins, í skólaheimsóknir. Þar var MB kynntur og spjallað við nemendur í 10. bekkjum. Þessar heimsóknir er mjög mikilvægar því nauðsynlegt er að kynna skólann sem allra best. Nemendum 10. bekkja í GB, GBF, Auðarskóla, Heiðarskóla og Brekkubæjarskóla var síðan boðið í heimsókn til okkar á vordögum sem var mjög vel heppnuð og gott fyrir væntanlega nemendur að „máta“ sig við skólann og kynnast aðstæðum betur og þá sérstaklega fyrir nemendur sem eru óöruggir í nýjum aðstæðum.

- Nokkrir útskriftarnemendur tóku áhugasviðspróf sem var hluti af lífsleikniáfanganum og unnu þeir með niðurstöðurnar hver í sínu lagi og komu í einstaklingsviðtal að því loknu.
- Að brautskráningu lokinni aðstoðar námsráðgjafi við hin ýmsu störf er tengjast frágangi skólaársins og innritun nýrra nemenda, ásamt því að taka viðtöl við fólk sem enn er ekki búið að ganga frá sínum málum varðandi áframhaldandi nám.
- Hélt utan um viðhorfskönnun útskrifaðra nemenda

Borgarnesi 7. júní 2019

Elín Kristjánsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Fylgiskjal 2 Mat á gæðum áfanga í Menntaskóla Borgarfjarðar

Þessi rammi fyrir mat á gæðum áfanga við MB byggir á Aðalnámskrá framhaldsskóla og skólanámskrá MB. Mat á gæðum áfanga er hluti af innra gæðastarfi Menntaskóla Borgarfjarðar.

Almennt um áfangann

Númer áfanga:	
Höfundur áfangalýsingar:	
Nafn þess er rýnir áfangann:	
Nafn ytri matsaðila (má vera samstarfskennari)	
Dagsetning þegar mati er lokið:	

Yfirlit áfanga	Athugasemdir og ráðleggingar
1. Er skipulag áfangans eins og ég kynni það skýrt fram sett?	
2. Fylgir áfangalýsingin og kennsluáætlunin viðmiðum þrepaskiptingar aðalnámskrár?	
3. Er nemendum gerð grein fyrir áætluðu vinnuálgi í áfanganum miðað við einingafjölda?	
4. Ef fjarnemar eru í áfanganum er þá til staðar góð kynning á áfanganum sem beint er til þeirra sérstaklega?	
5. Kemur skýrt fram í kennsluáætlun að ritstuldur er bannaður og heiðarleg vinnubrög skuli viðhöfð í áfanganum?	
6. Er kynning á sjálfum mér sem kennara aðgengileg og viðeigandi?	

Viðmiðin; þekking, leikni, hæfni	Athugasemdir og ráðleggingar
1. Kennsluaðferðir eru skipulagðar með það í huga að ná fram viðmiðum samkvæmt áfangalýsingu. Taktu dæmi.	
2. Verkefnavinna skipulögð með það í huga að ná fram viðmiðum samkvæmt áfangalýsingu. Taktu dæmi.	

3. Eru markmið áfangans mælanleg og er hægt að ná þeim innan áfangans.	
4. Er vinna nemenda í áfanganum í samræmi við þrep?	
5. Hvernig endurspeglast grunnþættir menntunar í áfanganum? (Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun.) ²	
6. Hvernig endurspeglast lokamarkmið brautarinnar í áfanganum? ³	
7. Eru einhverjar nýjungar í kennsluháttum innan áfangans og hvernig hafa þær reynst?	

Námsmat	Athugasemdir og ráðleggingar
1. Eru námsmatsaðferðir fjölbreyttar og henta til að meta viðmið (markmið) áfangans? Taktu dæmi.	
2. Er auðvelt að finna og skilja vægi hvers námsþáttar í áfanganum?	
3. Veita námsmatsaðferðir nægjanlega endurgjöf til nemenda?	
4. Passar val á námsmatsaðferðum nemendum í fjarnámi?	
5. Er kennslukerfið nýtt með þeim hætti að nemendur geti fylgst með framvindu sinni í námi?	
6. Eru aðferðirnar við að skila endurgjöf til nemenda með þeim hætti að persónuréttur nemenda sé tryggður?	

Námsefni og efnistöð	Athugasemdir og ráðleggingar
1. Er námsefni áfangans í samræmi við þyngdarstig (þrep)?	

² Sjá kafla [2.1 í Aðalnámskrá framhaldsskóla](#)

³ Sjá lýsingar í námskrárgrunni.

2. Er námsefnið til þess fallið að þjálfar nemendur í því fagi sem um ræðir?	
3. Er auðvelt fyrir nemendur að nálgast og nýta náms- og stuðningsefni í áfanganum?	
4. Er samhengi milli námsefnis, kennsluaðferða og námsmats í áfanganum? Styrkir hver þáttur annan?	
5. Er allt efni áfangans sett fram með skýrum hætti fyrir fjarnema?	
6. Er námsefnið endurskoðað og uppfært reglulega?	

Samskipti nemenda og virkni	Athugasemdir og ráðleggingar
1. Er áfanginn skipulagður með þeim hætti að kennsluaðferðir og verkefni ýti undir samskipti kennara og nemenda og nemenda og nemenda?	
2. Er skýrt til hvers er ætlast í sambandi við virkni nemenda í áfanganum?	
3. Er skýrt hversu fljótt má búast við svörum kennara við fyrirspurnum í tölvupósti, birtingu einkunna og svo framvegis?	

Samantekt athugasemda og hugleiðingar þess er metur áfangann.

(
Er gap á milli framkvæmdar og áfangalýsingar?
Er eitthvað sem skólinn getur gert til að styðja við faglegt starf kennara í áfanganum?
Hverju vilt þú breyta ef einhverju?)